

Umhverfisnefndarfundur 14. september 2015

Mættir: Heiða, Ómar, Elín, Gugga og Kristjana.

Nemendur: Emma og Lárus 2. bekk, Elsa og Elena 3. bekk, Jón Snævar og Lydia 4. bekk, Mikael Darri og Anna María 5. bekk, Viktoría Rós og Viktor Helgi 6. bekk, Hrefna Huld 7. bekk, Álfheiður Björk og Jóel 8. bekk, Sara Björk og Róbert Orri 9. bekk, Ingólfur og Júlíus 10. bekk.

Glerárskóli PILOT skóli í Norrænu samstarfi gegn matarsóun

Elín sagði frá beiðni sem barst til Glerárskóla frá Norræna félaginu á Akureyri um að verða s.k. PILOT skóli í verkefni gegn matarsóun. Verkefnið felst í að vera í samvinnu við skóla á hinum Norðurlöndunum um að sporna við matarsóun. Öllum leist vel á þetta og ætluðu umhverfisnefndarfulltrúrar bekkja að segja frá þessu í sínum bekkjum. Írisi matráði var einnig sagt frá þessu fyrirhugaða verkefni.

Flokkun í mötuneyti

Íris matráður sagði nemendum frá flokkun í mötuneytinu. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að nemendur fengju passlega skammta á diskana sína og kæmu frekar aftur til að fá meira ef þeir væru ekki saddir.

Umbúðirnar heim

Nemendur sögðu að í heildina gengi vel að fá krakkana til að taka umbúðir heim með sér. Nokkrir sem eru á móti því á unglingastigi og þeir henda í rusladalla á salernum eða út í tunnurnar. Einnig kemur fyrir að fernur liggi á gólfunum. Spurning að setja myndavélarnar þar sem ruslatunnurnar eru. Í sumum bekkjum eru rusla- eða flokkunarverðir en það er ekki á unglingastigi. Umhverfisnefndarfulltrúrar á unglingastigi reyna að gera sitt til þess að benda hinum á að gera rétt.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín E. Magnúsd.